

**Reykjavík, 8. febrúar 2022.**

**Til:** Nefndasvið Alþingis

**Re:** Umsögn, varsla neysluskammta, 24. mál

**Umsagnaraðili:** Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Frumvarpið felur í sér mikilvægt skref í átt að mannúðlegri stefnumótun í fíkniefnamálum á Íslandi. Minniháttar varsla á fíkniefnum ratar ekki lengur á sakaskrá (2018), greining á blóðsýni sker nú úr um sviptingu ökuleyfis en ekki niðurbrotsefni í þvagi (2019) og heimild hefur fengist fyrir opnun neyslurýma (2020). Þessar breytingar fóru í gegn án lúðrablasturs í samfélaginu og eru allar til bóta. Að vera á sakaskrá er íþyngjandi þegar kemur að atvinnuleit eða námstækifærum. Niðurbrotsefni kannabisneyslu geta greinst í margar vikur í þvagi þegar engin víma er til staðar. Neyslurými skapar öruggan stað fyrir fólk með fíknivanda og auðveldara verður að leita sér aðstoðar fagfólks.

Líta má á afnám refsinga fyrir vörslu fíkniefna til eigin nota sem rökrétt framhald af ofangreindum breytingum. Rannsóknir, m.a. hér á landi, sýna að fólk með fíknivanda á iðulega við margvíslega erfiðleika að stríða fyrir utan vanda vegna vímuefna; s.s. heilsubrest, veika félagslega stöðu, auk áfallasögu af ýmsu tagi. Refsiverð varsla fíkniefna gerir lítið annað en ýta undir vanda þessa hóps. Fíklar verða að leynast í skúmaskotum samfélagsins og jaðarsetning þeirra er óumflýjanleg. Samtal og þjónusta við fólk með fíknivanda verður erfiðari fyrir vikið. Haldlagning lögreglu á efnunum, oft aflað með afbrotum, kallar á ný efni og fleiri afbrot. Sektina oft ekki hægt að greiða sem safnast bara upp. Fangelsisvist blasir oft við fyrir rof á skilorði.

Við vitum að stór hluti fanga á Íslandi á við fíknivanda að stríða. Spurningin er hvort refsingar geti leyst vanda fólks með fíknivanda? Að refsa sjúklingum fyrir fíkn sína og erfiða lífsgöngu endurspeglar varla mannúð eða siðað samfélag. Öflugri félagsleg aðstoð og aukin heilbrigðisþjónusta virðist miklu frekar vera svarið en einblína á mátt refsinga í baráttunni við vanda fólks vegna fíkniefna.

Rannsóknir, bæði erlendar og innlendar, sýna jafnframt að stór hluti þeirra sem neyta fíkniefna á ekki við fíknivanda að stríða. Refsiverð varsla á fíkniefnum virðist ekki fæla þennan hóp frá neyslu efnanna. Samt er alltaf hættu á að vera gripinn af lögreglu fyrir refsiverða háttsemi og afleiðingarnar jafnvel skaðlegri en neysla efnanna sjálfra. Neikvæð stimplun, fordæming samfélagsins og atvinnumissir við skráningu á sakavottorð ætíð mögulegar afleiðingar. Forvarnir og fræðslu um áhættuna af neyslu fíkniefna þyrfti að efla í stað þess að refsa. Við vitum líka að fíkn fer ekki í manngreinarálit, vandinn finnst í öllum þjóðfélagshópum.

Fíkniefnabrot á Íslandi eru að jafnaði fleiri en tvö þúsund á ári samkvæmt afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra og um það bil 70% brotanna varða vörslu á fíkniefnum til eigin nota, oft tengd öðrum brotum. Stór hluti þjóðarinnar er því á skrá lögreglu fyrir brot af þessu tagi.

Erlendar rannsóknir sýna að þrátt fyrir að neysla fíkniefna sé útbreidd meðal ólíkra þjóðfélagshópa í samfélaginu er algengara að jaðarhópar og fólk með fíknivanda sé handtekið

með fíkniefni frekar en betur settir hópar. Vísbendingar um sama mynstur hér á landi finnast einnig. Skekkju af þessu tagi má líkja við að „brotamaðurinn sé valinn“ (e. selective enforcement) sem þýðir að réttlætisgyðjan er ekki blind einsog hún á að vera. Mismunun í framkvæmd laga eftir þjóðfélagsstöðu er með öllu óviðunandi í öruggu réttarríki.

Afnám refsinga við vörslu á fíkniefnum til eigin nota hefur almennt ekki leitt til vaxandi neyslu fíkniefna í samfélaginu né aukið á vanda fólks með fíknivanda þar sem úrræðið hefur verið lögfest. Þvert á móti hefur hugmyndafræði skaðaminnkunar sem leitast við að draga úr neikvæðum afleiðingum vímuefnafíknar, skapað vettvang og nálægð við fagfólk, og opnað á mannúðlegar leiðir til að vinna bug á vandanum. Afnám refsinga við vörslu á fíkniefnum til eigin nota má hiklaust líta á sem hluta af hugmyndafræði skaðaminnkunar.

Brýnt er að löggjöfin í landinu endurspegli réttartilfinningu almennings. Grundvöllur lagabreytinga þarf helst að myndast í kjölfar víðtækrar samfélagsumræðu og hvíla á nægilegum stuðningi borgaranna í lýðræðissamfélagi. Rannsóknir sýna að Íslendingar hafa verulegar áhyggjur af fíkniefnavandanum og hafa lengi stutt aðgerðir yfirvalda í glímunni við vandann. Á allra síðustu árum hefur þó mátt merkja breytingar. Stuðningur við afnám refsinga fyrir vörsluskammta fíkniefna til eigin nota hefur vaxið. Árið 2021 mældist í fyrsta sinn meirihluti til stuðnings á afnámi af því tagi í mælingu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Umræðan verður samt að halda áfram að vera virk og mikilvægt að ólík sjónarmið séu vegin og metin áður en til ákvörðunar kemur.

Útfærsla á hvað telst neysluskammtur er óleyst og bíður reglugerðarsetningar samkvæmt frumvarpinu. Fyrirmyndir finnast víða erlendis m.a. reifaðar í frumvarpinu. Í því samhengi er mikilvægt að leita samráðs við aðila sem þekkja vel til málaflokksins; fólks með fíknivanda, meðferðaraðila og sérfræðinga á sviðinu.

Frumvarpið felur í sér skipan starfshóps til að hafa eftirlit og meta árangur afnáms refsinga fyrir vörslu á fíkniefnum. Skila á skýrslu til ráðherra hvernig til hefur tekist að tveimur árum liðnum frá gildistöku laganna. Hér er um skynsama tillögu að ræða. Varfærin skref tekin og ef svo ólíklega vill til að breytingin mistakist er ætíð hægt að endurskoða stefnuna á ný.

Ljóst er að hlutverk lögreglu mun breytast verði frumvarpið samþykkt. Fólk í fíknivanda þyrfti ekki lengur að óttast eða forðast lögregluna heldur gæti lögreglan veitt þjónustu af ýmsu tagi. Aðstoðað fólk með fíknivanda, komið á tengslum við aðila er þjóða félags- og heilbrigðisþjónustu. Á sama tíma verður að efla þennan þátt velferðarkerfisins.

Heildarendurskoðun fíkniefnalöggjafarinnar á Íslandi er löngu tímabær. Svarti markaðurinn er ráðandi án nokkurrar neytendaverndar í skugga lögmála frumskógarins. Refsingar fyrir framleiðslu, innflutning og sölu fíkniefna hafa þungst og refsiramminn nýttur til fulls. Fátt bendir til þess að hertar refsingar dragi úr þeim vanda sem fíkniefni valda í samfélaginu. Víða á sér gerjun stað erlendis hvað varðar nýja stefnumótum í fíkniefnamálum. Líklegt má telja að Ísland muni fylgja alþjóðlegri þróun frekar en að nýtt frumkvæði komi héðan.

Afnám á refsingum við vörsluskömmtum fíkniefna til eigin nota er þó mikilvægt skref í rétta átt og sætir tíðindum ef frumvarp af þessu tagi verður samþykkt á Alþingi.

